

Minnisblað

Dr. Magnus Yngvi Jósefsson
Svið Þjónustu og Nýsköpunar
Reykjavíkurborg
magnus.yngvi.josefsson@reykjavik.is

04.09.2020

Efni: Samantekt á umsókn um nýsköpunarhöfuðborg Evrópu

Samkeppnin [European Innovation Capital Awards](#) er árlegur viðburður þar sem evrópskar borgir keppa um titilinn nýsköpunarhöfuðborg Evrópu. Í keppninni eru tólf borgir í lokaúrtaki og er þeim gefin kostur á að kynna frekar nýsköpunarverkefni sín. Af þessu tólf munu fimm vinna til verðlauna sem nemur €100,000. Ein borg ber sigur úr bítum og hlýtur verðlaun að upphæð €1,000,000. Verðlaunum skal varið til kynningar á samfélagslega mikilvægum nýsköpunarverkefnum borganna.

Í ár eru tólf borgir frá níu löndum á lokastigi keppinnar um að verða nýsköpunarhöfuðborg Evrópu 2020 og er Reykjavík ein þeirra og var umsókn Reykjavíkur kynnt prófdómurum á fjarfundi 04 sept 2020. Það er mikill heiður að vera úr tólf borga úrtaki í samkeppni við borgir sem margar hverjar leiða nýsköpun í Evrópu t.d. Espoo í Finnlandi, Vín, í Austurríki og fleiri.

Verðlaunin eru veitt þeim sem framkvæma nýstárlegar hugmyndir, ferla, verkfæri og stjórnarhætti sem stuðla að nýsköpun í rekstri, stjórnsýslu og ákvarðanatöku. Í því felst að gera borgurum kleift að taka þátt í nýsköpunarferlinu og að umfjöllun og upptaka hugmynda frá borgurum sé skilvirk og tryggð. Verðlaunin er líka veitt fyrir aðgerðir sem auka aðdráttarafli borga og sem færa þeim og þeim sem þar búa, mælanlegan og áþreifanlegan ávinning. Evrópusambandið kallar líka sérstaklega eftir því hvernig borgir fóstora og fóðra nýsköpunarvistkerfi bæði innanlands og í alþjóðlegu samhengi og varð þetta ákall að megininntaki umsóknar Reykjavíkur.

Umsóknarferli

Þann 5 mars 2020 tilkynnti ESB um opnum samkeppni um titilinn nýsköpunarhöfuðborg Evrópu. Rannsóknarstjóri ÞON tilkynnti stjórnendateymi ÞON um að hér væri tækifæri að beina kastljósinu að þeim fjölmörgu nýsköpunarverkefnum sem eru í gangi víðs vegar um borgina og var samþykkt að láta rannsóknastjóra um að vinna umsóknina. Þau skilyrði voru á umsókninni að verkefni í henni urðu að hafa byrjað árið 2019. Þau verkefni sem uppfylltu þau skilyrði voru Evrópsk nýsköpunarverkefni PaCE og SPARCS og svo nýja Menntastefnan¹. Skilafrestur var settur 23 júní 2020. Rannsóknarstjóri sá um að afla gagna frá viðkomandi sviðum og sá um að skrifa umsóknina og umsóknarferlið í heild sinni.

¹ Populism and Civic Engagement <http://popandce.eu/>
Sustainable energy positive and zero carbon communities SPARCS <https://sparcs.info/>
Menntastefnan <https://reykjavik.is/menntastefna-til-2030-latum-draumana-raetast>

Menntastefnan er burðarvirkið í umsókninni. Hún er afar vel unnin og skrásett og getur sýnt fram á mælanlegan árangur. Evrópuverkefnið er styttra á veg komin en voru notuð til að sýna fram á tækifæri og árangur af evrópsku samstarfi og sérstaklega á sviði samvinnu tengt loftslagsmálum og lýðræðismálum.

Önnur nýsköpunarverkefni sem PON hefur á þróunum svo sem Gróðurhúsið, rafvæðing fjárhagsaðstoðar og Reykjavíkur Hackathon voru tekin til umfjöllunar í umsókninni til að sýna fram á umfang og samfellur milli nýsköpunarverkefna Reykjavíkur. Þessi verkefni er ný af nálinni en hafa nú þegar sannað verðmæti sitt og er rafvæðing fjárhagsaðstoðar gott dæmi um það. Umhverfis og skipulagssvið átti líka innlegg með Hverfaskipulagsverkefnið sem er afar vel útfært og skrásett.

Þessi verkefni voru síðan kynnt frekar á fjarfundi 04 sept 2020 og viðkomandi skrifstofu eða verkefnastjórar svöruðu spurningum prófdómara um verkefnið, umfang þeirra, ferla og ávinning.

Lærdómur

Það er afar mikilvægt að vel sé haldið utan um nýsköpunarverkefni borgarinnar og að skrásetningu þeirra sé vel háttað svo hægt sé að draga af þeim lærdóm og miðla honum áfram innan og utan stjórnarsýslu.

Þátttaka í alþjóðlegum umsóknum til verðlauna hvort sem það tengist nýsköpun, grænum borgum eða öðru er verkfæri sem tengir pólitíska fulltrúa og starfsemi og starfsfólk borgarinnar í metnaði til framúrskarandi árangurs.

Það að Reykjavík kemst á stall með tólf helstu nýsköpunarborgum Evrópu sýnir hvað í henni býr hvað varðar mannaúð, tækifæri, þekkingu og metnað. Það er von rannsóknarstjóra að þessi áfangi sýni að Reykjavíkurborg eru allir vegir færir í samfélagi og samkeppnisumhverfi evrópskra borga.

Án efa hafa samkeppnisborgir okkar lagt mikinn metnað í að ná árangri í samkeppnum sem þessum. Sumar borgir munu hugsanlega hafa keypt sérfræðinga til að sjá um umsóknarskrif. Aðrar hafa ræktað eiginleika og hæfni innan sinna raða til að sjá um umsóknarskrif. Að mati rannsóknarstjóra er seinni kosturinn álitlegri enda verður þar til hæfni og samvinna sem er verðmæt borginni til framtíðar.
